

**Kristinn Jóhannesson**

## **Mannsaldur í þjónustu íslenskrar tungu erlendis**

Efniságrip: Rabb um breytingar á stöðu kennslu í íslenskri tungu við nokkra háskóla á Norðurlöndum byggt á persónulegri starfsreynslu. Fjallað verður um stöðu kennaranna innan háskólakerfanna, sjálfstæði þeirra í starfi, fjárhagsramma og samskipti við íslensk yfirvöld. Einnig verður rakin sagan um það hvernig íslenskir sendikennarar erlendis hafa byggt upp samtök og gagnabanka um störf sín.

### **Upphaf**

Ég lauk kandidateksprófi í íslensku frá Háskóla Íslands vorið 1971. Um sama leyti og ég var að ljúka prófi fékk ég bréf frá Svavari Sigmundssyni sem þá var lektor í Helsingfors. Hann var þá að flytja til Kaupmannahafnar og vantaði staðgengil í sendikennarastarfið í Helsingfors og bað mig um aðstoð. Ég flutti til Finnlands þetta sumar og kenndi við háskólann í Helsingfors þann vetur. Einnig kenndi ég við finnska háskólann í Åbo, Turun Yliopisto vorið 1972.

Kennslan í Helsingfors var bæði byrjendakennsla í forníslensku og framhaldsnámskeið í nútímamáli ásamt tveim fyrirlesturum á viku um bókmenntir. Nemendur voru bæði sænsku- og finnskumælandi.

Þetta sama haust var lektorsstarfið í Gautaborg og Lundi auglýst. Ég fékk það starf og átti að hefja kennslu um áramót. Hins vegar varð það að samkomulagi að ég tæki ekki við stöðunni fyrr en sumarið eftir. Bæði var ég ráðinn í Finnlandi allan þennan vetur og einnig höfðu háskólarnir í Lundi og Gautaborg samið við Jón Sigurðsson, núverandi ráðherra og formann Framsóknarflokksins, sem þá dvaldi við nám í Lundi, um íhlaupakennslu eftir að Njörður P. Njarðvík flutti heim þetta sumar.

Kennslan í Gautaborg og Lundi var að sumu leyti ekki sambærileg. Í Lundi stjórnaði prófessor Gösta Holm norrænu stofnuninni. Hann var mikill Íslandsvinur en talsvert íhaldssamur. Þar var byrjendanámskeiðið forníslenska eins og í Helsingfors, en í Gautaborg var byrjendakennslan hins vegar nútímaíslenska. Í Gautaborg stjórnaði stofnuninni einnig mikill Íslandsvinur, prófessor Gun Widmark, sem verið hafði sendikennari í sænsku hér í Reykjavík. Okkur Gun kom saman um að það væri miklu betri aðferð til þess að efla áhuga nemenda á íslensku að hefja kennsluna á nútímamáli. Þar að auki benti Gun mér á að það væri ekki ónýtt að fara út á meðal nemenda og hreinlega „sjanghaja” þá. Það væri mikilvægt að láta kennarann og kennsluna í íslensku sjást og reyna að auka þannig áhuga nemendanna á þessari námsgrein.

Þessu ráði Gunnar fylgdi ég dyggilega og hef raunar reynt að fylgja því alltaf síðan. Og ég verð að segja það að af öllum þeim stofnanastjórum sem ég hef unnið með er Gun sú sem hefur haft mestan skilning á eðli þessarar sendikennslu. Að það bæri að líta öðrum augum á þetta starf en aðra kennslu við stofnunina og það yrði að gefa lektorinum tækifæri til þess að vera eins konar upplýsingafulltrúi fyrir Ísland og íslenska menningu almennt.

Nokkrum árum eftir að ég hóf störf í Svíþjóð fór ég að kenna stutt námskeið í nútímaíslensku við háskólann í Uleåborg í Norður-Finnlandi. Forsagan var sú að einn af kunningjum mínum í Lundi, Áke Hansson dósent, varð prófessor við norrænu stofnunina í Uleåborg. Hann hafði mikinn áuga á því að auka hlut norrænu málanna við stofnunina og kom því til leiðar að nútíma íslenska varð skyldunámsgrein þar. Ég fór því til Finnlands í

allmörg ár og hélt þessi námskeið þar sem drjúgur hluti kennslutímans fór í fyrirlestra um íslenska sögu, samfélag og menningu.

Þannig er það stundum tilviljun sem ræður því hvar kennsla í íslensku erlendis fer fram.

## Hjálpargögn

Hvernig var svo aðstaðan þegar ég hóf kennsluna í Finnlandi haustið 1971? Ég fékk enga skrifstofu eða skrifstofugögn. Þó hafði ég viðtalstíma eina klukkustund í viku og þá hafði ég til umráða frumstætt móttökuherbergi í aðalbyggingu háskólans, að vísu með ágætt útsýni yfir Senatstorgið og gat þess vegna horfst í augu við ríkisstjórnina handan torgsins. Í herberginu voru tveir stólar, skrifborð og sími. Þangað kom aldrei neinn að tala við mig nema þegar stúdentar komu til þess að fá undirskrift mína í námsferilsbækur sínar eftir að námskeiðum lauk. Ég hélt því mest til heima í íbúðinni á Mannerheimveginum þar sem ég hafði gömlu Erikarítvélinu mína, tipp-ex og karbónpappír. Þar undirbjó ég kennsluna.

Stofnunin hafði svo lítinn kvóta á fjölritunarstofu háskólans að þar komst sendikennari í íslensku ekki á blað nema með hjálp annarra góðviljaðra kennara á stofnuninni.

Morgunblaðið kom stundum á aðalkaffistofu háskólakennara af undarlegum ástæðum og þá eftir dúk og disk. Símtöl til Íslands voru rándýr og póstsamgöngur tóku sinn tíma. Ekkert svigrúm var fyrir skyndilegar uppákomur og hugdettur þar sem þyrfti að fá upplýsingar að heiman með litlum fyrirvara.

Rannsóknaræfingar á stofnuninni fjölluðu mest um sænskar mállýskur og örnefni í Suðvestur-Finnlandi og það viðfangsefni lá satt að segja dálítið langt frá áhugasviði mínu, sem hafði skrifað kandidateitritgerð um þýðingar á kvæðum Gustafs Frödings á íslensku, svo ég tróð mér sem boðflenna inn á nokkur bókmenntasemínör hjá Bo Carpelan.

Sem sagt: nánast engin hjálpargögn og allt annað menningarumhverfi en heima á Íslandi. Enda fór lunginn af kennsluvetrinum í að öðlast skilning á finnskri sögu, menningu og háskólakerfi til þess að geta sett kennsluna í eitthvert skynsamlegt samhengi. Og það getur enginn sinnt þessu starfi af nokkurri alvöru nema hafa staðgóðan skilning á þessum þáttum móttökulandsins.

Ég eignaðist þarna ágæta vini meðal samstarfsmanna og nemenda og ég vona að ég hafi ekki verið þarna til ónýtis. Að minnsta kosti varð einn nemenda minna um skeið sendikennari í finnsku við Háskóla Íslands.

Ekki hægt og rólega – heldur mjög hratt – hefur tæknin haldið innreið sína í háskólakerfi Norðurlanda og það hefur auðvitað gjörbreytt vinnuástöðu sendikennarans.

Þegar ég kom til Gautaborgar fékk ég vinnuherbergi, sem að vísu var sameiginlegt með lektorunum í dönsku og norsku. Sænskustofnunin var þá til húsa í gömlu einbýlishúsi og fyrirrennara mínum Nirði P. Njarðvík hafði að vísu tekist að slá eins konar eignarhaldi á baðherbergið og sat þar einn, en veturinn sem Jón Sigurðsson hljóp í skarðið höfðum við tapað þessari aðstöðu, enda var Jón þá hvorki orðinn bankastjóri né ráðherra.

Síminn var okkur sameiginlegur og enn varð ég að berja gömlu Erikarítvélinu mína.

Eftir allmargra ára starf í Gautaborg og Lundi var ég gerður að stofnunarstjóra stofnunarinnar í Gautaborg. Til þess að þetta gæti orðið var gerður búskilnaður milli Lundar og Gautaborgar og lektorsstarfið varð eftir það eingöngu við Gautaborgarháskóla.

Á fyrsta starfsári mínu sem stofnunarstjóri flutti stofnunin í nýbyggingu sem er sambyggð háskólabókasafninu. Við þetta fengu allir kennararnir eigið vinnuherbergi. Við flutninginn lét ég kaupa IBM-rafmagnsritvélar með kúlum í hvert herbergi. Það þótti á þeim tíma mikið bruðl og lúxus. Þá létum við setja upp faxtæki á afgreiðsluna og allt í einu hafði skapast möguleiki á að fá sendar textasíður frá útlöndum með hraði. Þetta var mikil bylting, sérstaklega fyrir erlendu sendikennarana.

Síðan kom tölvan. Fyrsta IBM-tölvan var svo mikil fjárfesting að ég lét bara kaupa eina vél en lét setja hana í skáp á hjólum, sem hægt var að aka milli herbergja. Og það gekk ekki andskotalaust að fá hana til að tala og skrifa íslensku. En eftir að ég hafði keypt nokkrar Machintoshtölvur varð lífið leikur og það á öllum tungumálum. Og núna skipta menn um tölvur næstum eins oft og skipt er um nærbuxur. Bölvunin er bara sú að það fer alltaf drjúgur tími í að læra á nýjar og nýjar gerðir af forritum.

Svo kom hið almáttuga alnet eða veraldarvefurinn mikli WWW og stofnunin er nú sitengd. Þessi tækni hefur gjörbreytt aðstöðu minni sem sendikennara í íslensku erlendis. Til dæmis er nú hægt að beina nemendum inn á netið og jafnvel stunda fjarkennslu. Ég hef stundum haft nemendur uppi í Norður-Svíþjóð sem fylgjast með námskeiðunum mínum, að vísu á frumstæðan hátt. Þeir hafa sent mér æfingar á netinu og að lokum tekið skriflegt próf, t.d. á lögreglustöð héraðsins ef ekki hefur verið öðrum stöðum til að dreifa.

Ég get nú náð í fréttir úr íslenskum dagblöðum og notað þær í kennslu samdægurs. Ég get jafnvel horft á íslenska sjónvarpið. Og ég hef oft tölvuna mína í vinnuherberginu tengda við íslenska ríkisútvarpið og get þannig fylgst daglega með íslensku talmáli.

Þetta er auðvitað allt annar heimur og allt annar starfsrammi en þegar ég hóf kennsluna 1971. Allt þetta – en sér í lagi alnetið, auðveldar okkur starfið til muna, en það gerir líka kröfur til þess að við fylgjumst grannt með því efni sem nemendur geta nálgast. Við verðum að geta leiðbeint þessari tölvufrelsuðu kynslöð sem kemur til okkar í dag sem nemendur, beint henni á rétta vegi og forðað henni frá að lenda á villigötum. Og það má finna talsvert margar kolvitlausar síður um Ísland á þessu makalausum neti.

## Um stöðu námskeiðanna

Það á sennilega almennt við um starf íslensku sendikennaranna á Norðurlöndum og kannski víðar að í upphafi var lítið á þessa kennara sem hjástöðir prófessora í norrænum málum. Prófessorarnir héldu gjarna einhver námskeið í forníslensku og síðan var fyllt upp í það sem á vantaði með eins konar æfingakennurum, sem lásu forníslenska texta með nemendum og héldu kannski eitt eða annað/ eitt og eitt námskeið í nútímamáli.

Þetta var ekki bara bundið við sendikennarastörfin í norrænum málum. Erlendir lektorar í t.d. ensku, frönsku, þýsku, spönsku voru í sænsku háskólakerfi lengi vel álitnir vera eins konar æfingakennarar í framburði þessara mála og yfirvöld höfðu lengi þá bjargföstu skoðun að ef þessar manneskjur byggju í Svíþjóð lengur en svo sem þrjú ár væru þær búnar að týna móðurmáli sínu. Þetta hafði líka í för með sér að sumir þessara kennara reyndu heldur ekki að vera neitt annað en einmitt aðstoðarkennarar vel vitandi að þeir áttu sér aungva framtíð í þessu starfi og þeir notuðu tíma sinn í staðinn til þess að auka hæfni sína sem best til annarra starfa þegar þeir sneru heim aftur.

En yfirleitt hafa málin snúist þannig að sendikennarar í íslensku erlendis hafa smám saman tekið að sér alla kennsluna í þessu máli og eru ekki lengur aðstoðarmenn eða framburðarkennarar heldur forsvarsmenn kennslunnar og í sumum tilvikum annarra mál-sögulegra þátta í móðurmáli viðkomandi lands.

## Málsaga, málfræði og menningarmiðlun

Námskeiðin í íslensku hafa lengi verið hluti af námsbrautum í norrænum málum og á Norðurlöndum hefur þróunin verið þannig að stofnanir í bókmenntum og sögu hafa skilist frá norrænu stofnununum, sem hafa þá orðið hreinar móðurmálsstofnanir með málvísindalega þyngd. Þetta hefur sums staðar haft það í för með sér að bókmenntir eiga ekki heima á

stofnunum okkar meðan það er álitíð sjálfsagt að það fari fram kennsla í enskum, þýskum og frönskum bókmenntum í háskólastofnununum í viðkomandi málum. Þetta er eins og ég sagði áðan að sjálfsögðu ekki alveg eins á öllum Norðurlöndum og er líka misjafnt milli háskóla, en ég hef t.d. ekki fengið að kenna íslensk bókenntanámskeið við háskólana í Gautaborg og Lundi.

Hins vegar hef ég átt því láni að fagna að hafa átt ágætt samstarf við tvo prófessora í bókmenntum í Gautaborg, þá Peter Hallberg og Lars Lönnroth. En það samstarf var mest utan kerfisins og sú vinna sem ég hef nú innt af hendi í um 20 ár sem stjórnandi rannsóknaræfinga um fornorrænar bókmenntir og sem byrjaði í samvinnu við Lars Lönnroth hef ég að mestu leyti unnið í eins konar sjálfbodavinnu og þeir vinnutímar hafa að hluta verið bókfærðir sem hluti af þeim fáu tímum sem ég á rétt á til rannsókna eða endurhæfingar.

Fyrir allmörgum árum sköpuðum við norrænu sendikennararnir í Gautaborg námskeið sem kallast *Nordenkunskap* og sem hefur það markmið að auka kunnáttu nemenda í efnum er snerta norrænu grannlöndin. Þetta er samfélagsnámskeið. Saga landanna, samfélagsbygging, atvinnulíf og menning situr í fyrirrúmi. Þetta námskeið hefur alltaf átt í vök að verjast og ýmsir álíta að þetta eigi alls ekki heima á málvísindastofnuninni í sænsku. Til dæmis ákvað stofnunarstjórnin í vor að fækka tímum á námskeiðinu um 30%.

## **Staða sendikennaranna innan háskólanna**

Það er ástæða til þess að minnast svolítið á það sem maður gæti kallað réttarstöðu sendikennaranna. Yfirleitt eru þessar stöður ekki fjármagnaðar héðan að heiman heldur af því landi eða þeim háskóla þar sem lektorinn starfar. Þar við bætist nú að lektorarnir eru á ýmsum stöðum á engan hátt „sendikennarar“. Í staðinn fyrir tímabundna ráðningu eru sumir „sendikennararnir“ í föstum lektorstöðum. Og sums staðar er ekki gerð krafa til þess að umsækjandi sé íslenskur, þegar staða er auglýst, enda er hún þá kannski auglýst sem almenn aðjunkt- eða lektorstaða en með kennsluskyldu í íslensku. Við Erlingur Sigurðsson í Helsingfors höfum lengstan tíma verið fastráðnir kennarar á Norðurlöndum og síðar Þorsteinn Indriðason í Björgvin og Heimir Pálsson í Uppsölum. Ég hef til dæmis allan tímann verið starfsmaður Gautaborgarháskóla og launaður af norrænu stofnuninni þar, fyrst í tímabundnu starfi og síðan í föstu starfi.

Með þeim reiknilíkönunum sem nú eru í tísku víða er eðlilegt að viðkomandi stofnanir vegi það og meti hvort verjandi sé að eyða fé í lektorstöður sem bara innihalda íslensku og sem gefa takmarkaðan arð þar sem framleiðsla okkar á nemendum með lokapróf er ekki jafn mikil og annarra kennara. Sum okkar, t.d. fastráðnir lektorar, hafa mætt þessu með að ganga inn í önnur störf hjá stofnununum og gerast þannig virkari í kerfinu. Ég var til dæmis um sjö ára skeið forstöðumaður norrænu eða sænsku stofnunarinnar í Gautaborg og hef nú síðar um allmörg ár aðstoðað við útgáfu doktorsritgerða og tölvumál stofnunarinnar auk þess að hafa kennt námskeið í þýðingafræðum. Sömu sögu má segja um Þorstein Indriðason í Björgvin sem nú er aðstoðarstofnunarstjóri þar og m.a. umsjónarmaður nemendaskipta og kennsluáætlana.

Þetta getur auðveldlega styrkt stöðu íslenskunnar á viðkomandi stöðum þar sem þessu fylgir óneitanlega dálítið vald sem hægt er að nota sér.

## **Nemendur**

Hvers konar nemendur eru það sem lesa íslensku við háskóla á Norðurlöndum. Auðvitað eru það í fyrsta lagi þeir nemendur sem leggja stund á móðurmál sitt í því skyni að gerast

kennarar á ýmsum skólastigum. Og þá lesa þeir námskeið sem eru annað hvort skyldu-námskeið eða valfrjáls á þessum námsbrautum.

En nokkur þessara námskeiða eru líka algerlega valfrjáls og tilheyra ekki föstum námsbrautum. Þannig er með flest af mínum námskeiðum í Gautaborg. Með því að losa námskeiðin úr námsbrautum gat ég náð í stærri nemendahóp og síðast en ekki síst fengið eigin fyrirsögn á íslensku í skránni yfir námskeið við Gautaborgarháskóla. Það byrja milli 40 og 70 nemendur í Gautaborg á byrjendanámskeiði í nútímamáli á hverri önn. Af þeim eru kannski bara tíu nemendur á námsbrautinni í norrænum málum.

Hinir nemendurnir eru nemendur í almennum málvísindum eða sagnfræði, trúarbragðafræðum og fornleifafræði svo eitthvað sé nefnt. Þar að auki er alltaf eitthvað af nemendum sem koma utan heimspekideildar, frá Chalmers tækniháskólanum eða frá náttúrufræðideildum, – fyrir nú utan þá sem eiga ætt, kunningja og vini á Íslandi, eða þá sem elska „þungur hnifur“, Björk eða Sigurrós eða eiga bara íslenskan hest. Og nú segir einhver að það sé ekki hlutverk háskóla að taka að sér þessa nemendur. En oft er þetta eini möguleikinn sem þessir nemendur hafa á því að sækja nokkurn veginn fræðilega vel undirbyggða kennslu í íslensku máli og því hef ég talið það skyldu mína að taka við þessum nemendum og koma þeim áleiðis á þessari braut og að standa vörð um þennan möguleika. Enda kemur þetta sér líka vel þegar tekin er saman tölfræði um nemendafjölda til þess að sýna fram á nauðsyn þessarar kennslu.

Þannig fer því auðvitað fjarri að allir þessir nemendur verði kennarar í sænsku. Ég get meðal nemenda minna talið orðabókarfólk, blaðamenn, leikara, tónlistarfólk, fóstur, lækna og presta og síðast en ekki síst þá sem síðar hefa fengist við þýðingar á íslenskum bókmenntum, t.d. Inge Knutsson, Jan Karlsson, Anna Grönberg, Ann-Sofie Axelsson, Mats Malm og Karl. G. Johansson. Og það eru ekki síst þessir nemendur sem ég set innst á bekk sem ávöxt af löngu starfi sem kennari í íslensku erlendis.

Ég hef aldrei litið á starf mitt sem einhliða málakennslu heldur sem miðlun á íslenskrri menningu og sem sköpun á tengiliðum milli sænskrar og íslenskrar menningar.

## **Styrkir til námskeiða á Íslandi**

Í framhaldi af þessu má minna á að þetta starf er eingöngu grunnur. Þýðendur þurfa til dæmis að fá tækifæri til þess að fara til Íslands til áframhaldandi náms og þar er ábyrgð íslenskra stjórnvalda mikil. Það er allt of lítið framboð af styrkjum til þess að við sendikennarar getum komið efnilegum nemendum hingað til framhaldsnáms. Til dæmis get ég nefnt að þrengt hefur verið að umsvifum hins ágæta styrkjakerfis Nordlix/Nordplus þannig að það eru nær eingöngu nemendur af norrænni námsbraut sem ég get sent hingað til lands og ekki hinir sem sem lesa íslensku sem sjálfstæð námskeið, jafnvel þótt þeir síðarnefndu hafi betri undirstöðu og myndu geta gert sér miklu meiri mat úr námsdöl hér en þeir fyrrnefndu.

## **Samskipti við Ísland**

Hvað snertir samskipti við heimalandið þá hafa lektorarnir í íslensku erlendis lengi vel svifið í lausu lofti. Þetta stafar auðvitað að hluta af því sem ég sagði áður að lektorarnir eru launaðir af viðkomandi stofnunum sínum og íslenska ríkið telur sig hafa takmörkuðum skyldum að gegna við þá. Þetta er auðvitað talsvert annað kerfi en t.d. í Finnlandi og í Svíþjóð svo dæmi séu tekin, þar sem viðkomandi lönd hafa stjórnsýslustofnanir sem sjá um þá kennara sem sendir eru utan. Heimspekideildin hér hefur auðvitað í æðimörg skipti tekið þátt í ráðningarferlinu og svo hefur Menntamálaráðuneytið lengi vel verið eins konar tengiliður, að minnsta

kosti muna margir sendikennaranna frá áttunda áratugnum samskiptin við Árna Gunnarsson í Menntamálaráðuneytinu.

Það varð nánast bylting á tengslunum við Ísland þegar Stofnun Sigurðar Nordals tók til starfa og fékk þá inn á sitt borð umsjón með kennslu í íslensku erlendis. Þessi stofnun hefur auðvitað alla sína lífstíð verið í fjársveldi og ég er ekki viss um að mörgum sé ljóst það gífurlega starf sem Úlfar Bragason og starfsfólk hans hefur unnið fyrir þetta málefni. Því er stofnun hinnar nýju Árnastofnunar ýmsum okkar svolítið áhyggjuefni þar sem okkur finnst hlutverk hennar gagnvart þessum þætti ekki nægilega vel skýrt ákveðin.

## Faglegt samstarf

Ekki veit ég alveg fyrir víst hver átti hugmynd eða upptök, en íslenskir kennarar á Norðurlöndum hittust fyrst til faglegs fundar heima hjá mér í Gautaborg í janúar 1974. Þau sem komu til mín voru Svavar Sigmundsson í Kaupmannahöfn, Heimir Pálsson í Uppsölum, Erlingur Sigurðsson í Helsingfors og Helga Kress í Björgvin. Þau kostuðu ferðina sjálf úr eigin vasa og svo var gíst á flatsængum heima hjá mér. Þetta var fyrsti formlegi fundur sendikennara í íslensku erlendis. Næstu árin hittist þessi hópur reglulega; í Kaupmannahöfn 1975, Uppsölum 1976, Helsingfors 1977, Björgvin 1978 og Gautaborg 1979.

Þessi fyrstu ár voru umræðuefnin aðallega staða okkar gagnvart Íslandi, t.d. hvað varðaði launastyrki og bókastyrki, en líka voru kennsluefnismálin strax ofarlega á baugi og hafa verið það síðan. Strax var komið á formlegu sambandi við Árna Gunnarsson, sem hafði með mál sendikennara að gera í Menntamálaráðuneytinu. Honum voru skrifuð bréf og póstkort bæði í gamni og alvöru og svo kom að hann fór að láta nokkra aura af hendi rakna til ferðakostnaðar á þessa fundi.

Árið 1980 stækkaði hópurinn þar sem Osló bættist við en einnig Kíll. Næstu árin komu svo í hópinn staðir niður um Evrópu einsog Lyon, Caen og París og svo London, Erlangen, Vín og München.

Árið 1983 kom í fyrsta skipti fulltrúi frá Íslandi á fundinn, en það var Svavar Sigmundsson, þá orðinn kennari í íslensku fyrir útlendinga hér við háskólann, og eftir að Stofnun Sigurðar Nordals kom til skjalanna hefur það að jafnaði verið Úlfar Bragason sem hefur setið fundina og aðstoðað við skipulagningu þeirra. Árið 1986 var fundur sendikennaranna í fyrsta skipti haldinn á Íslandi og síðan hefur hann verið haldinn hér heima um það bil þriðja hvert ár en annað hinna á Norðurlöndum og hitt árið á einhverjum hinna staðanna utan Norðurlandanna.

Á þessum fundum leggja lektorar fram skýrslur um störf sín síðasta starfsár. Rætt er um breytingar á stöðu lektorsembættanna við hina ýmsu háskóla og síðast en ekki síst hafa umræður um kennslufræði og aðferðir í kennslu íslensku sem erlendis máls aukist til muna.

Við höfum komið okkur upp lokaðri spjallrás á netinu, þar sem hægt er að skiptast á skoðunum um allt milli himins og jarðar. Í tengslum við spjallrásina höfum við líka skapað gagnabanka um kennsluna á netinu. Þessi gagnabanki, sem kallast *Sarpur*, er eins og spjallrásin vistaður við Gautaborgarháskóla. Í Sarpi eru geymdar ýmsar upplýsingar sem að gagni mega koma, svo sem starfslýsingar, bóka- og heimildaskrár að ógleymdri eins konar handbók eða upplýsingabanka um innri þætti kennslunnar. Stofninn að þessari handbók er unninn af öllum lektorunum, en Magnús Hauksson, Þorsteinn Indriðason og ég hafa ritstýrt efninu. Þetta hefur sérstaklega komið byrjendum í starfinu til góða og er hér um byltingu að ræða frá því ég hóf störf 1971.

Hér er ég ekki að gleyma eða gera lítið úr því efni sem Stofnun Sigurðar Nordals hefur á sínum heimasíðum, heldur minnst ég bara á það sem sendikennarar hafa sjálfir unnið innan sinna vébanda.

## Baráttumál

Sum baráttuefni sendikennarahópsins hafa náð framgangi, önnur ekki – eða þá bara að takmörkuðu leyti. T.d. var það lengi krafa okkar að íslenska ríkið gæfi okkur áskrift að íslenskum dagblöðum, en slíkt hefur verið sjálfsagt hjá öðrum sendikennurum á Norðurlöndum. Eftir mikið þref fengum við því framgengt að við fengum eitt dagblað hver og voru þau valin hér heima. Af einhverjum ástæðum kom í minn hlut áskrift að því gamla og gagnmerka dagblaði Tímanum. Ekki veit ég hvers vegna, nema einhverjum hafi fundist að efni þessa blaðs passaði mér best sem gömlum sveitamanni úr Svarfaðardal. En örlæti íslenskra ráðuneyta hafa alltaf verið takmörk sett. Með ákvörðuninni um þetta kom bréf frá þáverandi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, Höskuldi Jónssyni. Bréfinu lauk á þessum orðum: „Sendingarkostnaður er ráðuneytinu óviðkomandi.“

Í framhaldi af þróun hins almáttuga alnets datt okkur í hug í fyrra að við gætum kannski komist inn í nettengingar ráðuneytanna, t.d. Menntamála- eða Utanríkisráðuneytis og þannig komist ókeypis inn í ýmsa gagnabanka, t.d. fengið hjálp við að komast í beint samband við gagnabanka Morgunblaðsins svo eitthvað sé nefnt. Fyrirspurnir um þetta hafa leitt af sér svör héðan að heiman sem líkjast mikið bréfi Höskuldar Jónssonar sem ég nefndi áðan. Sem sagt: engin smuga og enginn áhugi eða skilningur á málefnum.

Í dag er við lýði styrktarkerfi til kennslu í íslensku erlendis. Ríkið styrkir nokkra kennslustóla beint. Sumir kennarar fá nokkurn styrk í formi launauppbótar og örlitla peningasummu fáum við sendikennarar árlega til kaupa á bókum og kennslugögnum. Ætli þessi upphæð hafi ekki numið 30 þúsund íslenskum krónum síðasta ár og sjá þá allir hversu margar bækur má fá fyrir þá upphæð, en þetta á að nægja til þess að fylgjast með íslenskri fræðiriti- og fagurbókmenntaútgáfu. Sendikennarar hafa því nýlega leitað beint til bókaútfenda og beðið um aðstoð; að þeir létu svo lítið að senda okkur að gjöf nokkrar þær bækur af árlegri útgáfu sinni sem þeim þætti vert að vekja sérstaklega athygli á. Við fengum strax góða bókasendingu frá Eddu og jákvæð svör frá annarri bókaútgáfu en því miður hafa engar bækur borist þaðan enn.

Hugmyndin um eina allsherjar kennslubók í íslensku, sem lengi vel var til umræðu á fundunum, er nú held ég dottin upp fyrir. Það hefur hins vegar á síðari árum komið fram ýmislegt gott kennsluefni, sumt unnið af eða með þátttöku Stofnunar Sigurðar Nordals, en sannleikurinn er bara sá að þess konar efni verður fyrst og fremst ítarefni í starfi okkar, þar sem námskeiðin í íslensku við hina ýmsu háskóla erlendis eru alls ekki sambærileg og þess vegna er árangursríkast að kennsluefnið sé í fyrsta lagi sniðið að þörfum hverrar stofnunar fyrir sig.

## Að lokum

Aðstæður sendikennaranna til að halda formlegu sambandi við heimaslóðirnar tók eins og ég sagði áðan stórkostlegum stakkaskiptum við tilkomu Nordalsstofnunar. Stofnunin hefur rekið ýmis erindi okkar við íslenska aðila og hefur séð um styrkveitingar ríkisins til okkar. Þrítugsti og annar sendikennarafundurinn hér í Reykjavík í vikunni var eins og margir aðrir undirbúinn og haldinn af stofnuninni og ég vil enn einu sinni leggja áherslu á stuðning hennar við kennslu í íslensku erlendis.

Á síðasta ári var stigið enn eitt skref í sögu íslenskukennslunnar erlendis. Það var þegar við á fundinum í Gautaborg stofnuðum Samtök sendikennara í íslensku erlendis. Þessi samtök eiga að koma fram fyrir hönd okkar sem erum starfandi erlendis.

Eitt erindi get ég nefnt að lokum sem enn hefur ekki fengið neina lausn. Það er það vandamál að hafi sendikennari starfað á vissum stöðum erlendis um skeið hefur hann eða hún dottið út úr íslensku kerfi hvað varðar verkalýðsmál, lífeyrissjóði og annað slíkt. Að maður tali nú ekki um, að það er mjög takmarkað hvað það er talið heimkomandi sendikennurum til tekna þegar þeir sækja um störf hér heima, að þeir hafi eytt allmörgum árum starfsæfi sinnar í þjónustu Íslands og íslenskrar menningar erlendis.